

1995 nr. 93 28. júní**Lög um matvæli**

Tóku gildi 30. júní 1995. *Breytt með* L. 169/2000 (tóku gildi 29. des. 2000), L. 164/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003), L. 17/2003 (tóku gildi 1. júlí 2003), L. 76/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006), L. 68/2006 (tóku gildi 30. júní 2006), L. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008), L. 29/2008 (tóku gildi 19. apríl 2008), L. 143/2009 (tóku gildi 1. mars 2010 nema II.–IV. kafli sem tóku gildi 1. nóv. 2011 (utan 43. gr. í IV. kafla sem tók gildi 1. mars 2010) og 54. og 55. gr. og 9. efnismgr. 63. gr. sem tóku gildi 1. mars 2011; *EES-samningurinn*: I. og II. viðauki reglugerð 178/2002), L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), L. 19/2012 (tóku gildi 16. mars 2012), L. 31/2012 (tóku gildi 10. maí 2012) og L. 76/2012 (tóku gildi 5. júlí 2012).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Tilgangur og gildissvið.

■ **1. gr.** Tilgangur laganna er að tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. [Þessu skal ná með innra eftirliti, áhættugreiningu, rekjanleika afurða og vara, varúðaraðgerðum, fræðslu, upplýsingamiðlun, rannsóknnum, neytendavernd og opinberu eftirliti.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 1. gr.

■ **2. gr.** [Lög þessi taka til framleiðslu og dreifingar matvæla á öllum stigum. Þau taka ekki til frumframleiðslu til einkanota eða til vinnslu, meðferðar eða geymslu á matvælu um til einkaneyslu. Lögin ná þó til allra efna og hluta sem ætlað er að koma í snertingu við matvæli á einkaheimilum. Lögin taka til matvælaeftirlits héraðs og um borð í skipum í höfnum og á leið til hafna héraðs. Sama á við um loftför á flugvöllum héraðs.]

□ [Ráðherra er heimilt að víkja frá einstökum ákvæðum laga þessara þegar um er að ræða:

a. aðila sem framleiða og markaðssetja matvæli þar sem starfsemi er ekki samfelld heldur tilfallandi, lýtur ekki sérstöku skipulagi og er ekki rekin í eigin hagnaðarskygni,

b. framleiðendur sem framleiða og markaðssetja frumframleiðsluvörur í litlu magni beint til neytenda eða til staðbundins smásöluvyrirkæpis sem afhendir matvæli beint til neytenda,

c. framleiðendur sem framleiða og markaðssetja vörur, sem eru unnar úr eigin frumframleiðslu, beint til neytenda, enda sé um takmarkaða, árstíðabundna eða tilfallandi starfsemi að ræða,

d. framleiðendur sem framleiða matvæli með aðferðum sem er hefð fyrir héraðs.

Ráðherra setur með reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um þessa starfsemi, svo sem um hvaða starfsemi er að ræða, hvað telst staðbundin starfsemi, skilyrði fyrir slíkri starfsemi, opinbert eftirlit og hvaða reglur um framleiðslu, markaðssetningu, hollustuhætti, merkingar, umbúðir, rekjanleika, geymslu og flutning gilda um slík matvæli.]²⁾

□ Lyf, sbr. lyfjalög, eru undanþegin ákvæðum þessara laga. Þó gilda lög þessi um matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni, sem innihalda lyf. Tóbak, sbr. lög um tóbaksvarnir, og vímuefni, önnur en áfengi, sbr. lög um ávana- og fíkniefni, eru undanþegin ákvæðum þessara laga. Það sama gildir um plöntur, fyrir uppskeru, sbr. lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, fóður, sbr. lög um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og lifandi dýr nema þau séu alin til markaðssetningar til mannelis.]³⁾

¹⁾ Rg. 580/2012, sbr. 41/2013. ²⁾ L. 31/2012, 1. gr. ³⁾ L. 143/2009, 2. gr.

■ **3. gr.** Þannig skal staðið að framleiðslu og dreifingu mat-

væla að þau valdi ekki heilsutjóni og að ekki sé beitt blekkingum í viðskiptum með þau.

II. kafli. Skilgreiningar.

■ **4. gr.** Í lögum þessum hafa eftirtalin hugtök svofellda merkingu:

1)

Framleiðsla er meðferð hráefnis, vinnsla, þökkun og matreiðsla. Hér er einnig átt við húsnæði, störf, hreinlæti og heilbrigði starfsfólks og annað sem tengist framleiðslu, svo og efni og hluti sem geta komist í snertingu við matvæli, sbr. ákvæði IV. kafla þessara laga.

Dreifing er hvers konar flutningur, framboð og afhending, þar með talið innflutningur, útflutningur og sala. Hér er einnig átt við geymslu og annað sem tengist dreifingu, sbr. ákvæði IV. kafla þessara laga.

Efni og hlutir eru allar umbúðir, ílát, áhöld, tækjabúnaður, borðbúnaður og öll efni sem slíkir hlutir eru samsettir úr og geta komist í snertingu við matvæli.

Umbúðir eru allar umbúðir sem umlykja eða hafa að geyma matvæli eða efni sem notuð eru við framleiðslu matvæla.

Örverur eru lífverur sem geta valdið skemmdum í matvælu eða verið heilsuspillandi vegna neyslu þeirra, en einnig eru tiltekna örverur notaðar við framleiðslu matvæla.

Hráefni eru öll efni, önnur en bætiefni, aukefni, bragðefni og varnarefni, sem notuð eru við framleiðslu matvæla.

Aukefni eru efni sem notuð eru við tilbúning matvæla til að hafa áhrif á geymsluþol, lit, lykt, bragð eða aðra eiginleika þeirra.

Bragðefni eru efni sem notuð eru til að hafa áhrif á bragðeiginleika matvæla og teljast ekki til aukefna.

Bætiefni eru vítamín, steinefni, þar með talin snefilefni, og lífsnauðsynlegar fitu- og amínósýrur.

Aðskotaeefni eru efni sem sett eru í matvæli, berast í þau eða myndast í þeim og breyta eiginleikum, samsetningu, gæðum eða hollustu þeirra. Hér er m.a. átt við vaxtaraukandi efni og lyfjaleifar.

Varnarefni eru efni sem notuð eru m.a. gegn illgresi, sveppum og meindýrum við framleiðslu og við geymslu matvæla.

Opinbert eftirlit er eftirlit á vegum stjórnvalda í þeim tilgangi að tryggja að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um matvæli og stuðla að fræðslu og upplýsingamiðlun.

Innra eftirlit er eftirlit á vegum framleiðanda eða dreifanda í þeim tilgangi að tryggja gæði, öryggi og hollustu vörunnar.

Faggilding er formleg staðfesting á því að starfsemi rannsóknastofa (prófunarstofa), vottunarstofa og eftirlitsaðila fari fram samkvæmt settum reglum. Markmiðið er að sannreyna hæfni, kunnáttu og áreiðanleika viðkomandi.

[*Áhættugreining* er ferli sem er samsett af þremur innbyrðis tengdum þáttum, þ.e. áhættumatí, áhættustjórnun og áhættukynningu.

Frumframleiðsla er framleiðsla, eldi eða ræktun undirstöðuafurða ásamt uppskeru, mjóltum og eldi dýra fram að slátur. Frumframleiðsla tekur einnig til dýra og fiskveiða og nýtingar villigróðurs.

Fæðubótarefni eru matvæli sem eru ætluð sem viðbót við venjulegt fæði og eru með hátt hlutfall af vítamínum, steinefnum eða annars konar efnum sem hafa næringar- eða líf-eðlisfræðileg áhrif.

Markaðssetning er að hafa umráð yfir matvælu með sölu fyrir augum, þ.m.t. að bjóða þau til sölu eða afhendingar í

öðru formi, gegn gjaldi eða endurgjaldslaust, og sjálf salan, dreifingin eða önnur form afhendingar.

Matvæli eru hvers konar efni eða vörur, hvort sem þau eru fullunnin, unnin að hluta eða óunnin, sem fólki er ætlað að neyta eða sem eðlilegt er að vænta að fólk neyti. Hugtakið „matvæli“ tekur einnig til drykkja, tyggigúmmis og hvers kyns efna, þ.m.t. neysluvatns, sem bætt er af ásettu ráði í matvæli við framleiðslu þeirra, vinnslu eða meðferð, svo og fæðubótarefna.

Matvælafyrirtæki er fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem það starfar í ágóðaskyni eður ei, og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki.

Neysluvatn er vatn í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna þess og hvort sem það kemur úr dreifikerfi, tönkum, flöskum eða öðrum ílátum, og er ætlað til neyslu eða matargerðar, einnig allt vatn sem notað er í matvælafyrirtækjum, nema unnt sé að sýna fram á að gæði þess vatns sem notað er hafi ekki áhrif á heilnæmi framleiðslunnar.

Neytandi er sá sem notar matvæli ekki sem lið í rekstri eða starfsemi matvælafyrirtækis.

Opinberir eftirlitsaðilar eru Matvælastofnun eða heilbrigðisnefndir sveitarfélaga í samræmi við 6. og 22. gr.

Rekjanleiki er sá möguleiki að rekja uppruna og feril matvæla, dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og efna sem nota á eða vænt er að verði notuð í eða í snertingu við matvæli í gegnum öll stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar.

Stjórnandi matvælafyrirtækis er einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir því að farið sé að kröfum samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum um matvæli í matvælafyrirtækjum undir hans stjórn.

Smásala er meðhöndlun og/eða vinnsla matvæla og geymsla þeirra á staðnum þar sem þau eru seld eða afhent neytanda, þ.m.t. dreifingarstöðvar, matsölufyrirtæki, mötuneyti starfsfólks, veitingahús og önnur samsvarandi matarþjónusta ásamt verslunum og dreifingarstöðvum stórmarkaða og heilðsölumarkaðir.¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 3. gr.

III. kafli. Stjórn og skipan.

■ **5. gr.** [[Ráðherra]¹⁾ fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Matvælastofnun er ráðherra til ráðgjafar.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 212. gr. ²⁾ L. 167/2007, 34. gr.

■ **6. gr.** [Matvælastofnun annast opinbert eftirlit samkvæmt lögum þessum með:

- a. [frumframleiðslu],¹⁾
- b. innflutningi og útflutningi búfjárafurða,
- c. kjötvinnslum og kjötpökkunarstöðvum, að undanskildum kjötvinnslum sem starfræktar eru í smásölverslunum, d. mjólkurstöðvum og eggjavinnslu.]¹⁾
- e.]¹⁾ smitsjúkdómum búfjár,
- [f.]¹⁾ meðferð, skoðun og mati á sláturafurðum,
- [g.]¹⁾ heilbrigðisskoðun eldisfisks,
- [h.]¹⁾ meðferð, flutningi, geymslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, að undanskilinni smásölu,
- [i.]¹⁾ innflutningi annarra matvæla en getið er í [a–h lið].]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 143/2009, 4. gr. ²⁾ L. 167/2007, 35. gr.

■ **7. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 167/2007, 36. gr.

■ **8. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 167/2007, 37. gr.

IV. kafli. [Matvælaöryggi, framleiðsla, markaðssetning og rekjanleiki.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 10. gr.

■ **[8. gr. a.** Óheimilt er að markaðssetja matvæli sem ekki eru örugg, þ.e. heilsuspillandi eða óhæf til neyslu.

□ Við ákvörðun um hvort matvæli séu örugg skal hafa hliðsjón í fyrsta lagi af því hvernig neytendur nota matvælin venjulega á hverju stigi framleiðslu og dreifingar og í öðru lagi af upplýsingum sem neytendum eru veittar, þ.m.t. upplýsingum á merkimiða, eða öðrum upplýsingum sem neytendur hafa almennt aðgang að, þar sem fram kemur hvernig þeir geti forðast tiltekin matvæli eða tiltekinn matvælaflokk sem getur haft skaðleg áhrif á heilsuna.

□ Við ákvörðun um hvort matvæli séu heilsuspillandi skal hafa hliðsjón í fyrsta lagi af líklegum, bráðum áhrifum og/eða skammtímaáhrifum og/eða langtímaáhrifum þessara matvæla á heilsu þeirra sem neyta þeirra og einnig á næstu kynslóðir, í öðru lagi líklegum, uppsöfnuðum eituráhrifum og í þriðja lagi sérstöku næmi ákveðins hóps neytenda fyrir tilteknum matvælum ef matvælin eru ætluð þeim hópi.

□ Við ákvörðun um hvort matvæli séu óhæf til neyslu skal hafa hliðsjón af því hvort matvælin séu óviðunandi til neyslu með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar eða vegna mengunar eða vegna þess að þau eru rotin, spillt eða skemmd.

□ Stjórnandi matvælafyrirtækis, sbr. 8. gr. b, og opinberir eftirlitsaðilar samkvæmt lögum þessum skulu í störfum sínum tryggja eins og kostur er að ekki berist á markað matvæli sem geta valdið matarsjúkdómum. Til að tryggja ýtrasta matvælaöryggi og vernda líf og heilsu manna og dýra skal ráðherra setja reglugerð þar sem kveðið er almennt á um sýnatökur, vottorðagjöf og skilyrði markaðssetningar matvæla til að fyrirbyggja að þau geti valdið matarsjúkdómum.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 5. gr.

■ **[8. gr. b.** Stjórnandi matvælafyrirtækis ber ábyrgð á að uppfylltar séu kröfur laga og stjórnvaldsreglna sem gilda um starfsemi þess á hverjum tíma. Stjórnandi ber ábyrgð á öllum stigum framleiðslu og dreifingar í fyrirtækjum undir hans stjórn og skal sannprófa að þessum kröfum sé fullnægt.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 5. gr.

■ **[8. gr. c.** Ef stjórnandi matvælafyrirtækis álitur eða hefur ástæðu til að álíta að matvæli, sem hann hefur flutt inn, framleitt eða dreift, séu ekki í samræmi við kröfur um öryggi matvæla og hann hefur ekki lengur beint forræði yfir þeim skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að taka umrædd matvæli af markaðnum og tilkynna það hlutaðeigandi opinberum eftirlitsaðila. Ef varan er komin í hendur neytenda skal stjórnandinn upplýsa þá á skilvirkan og nákvæman hátt um ástæðurnar fyrir því að varan var tekin af markaðnum og, ef nauðsyn krefur, innkalla vörur sem neytendum hafa þegar verið afhentar ef aðrar ráðstafanir nægja ekki til þess að tryggja viðtæka heilsuvernd.

□ Álit stjórnandi matvælafyrirtækis eða hafi hann ástæðu til að álíta að tiltekin matvæli, sem hann hefur markaðssett, geti verið heilsuspillandi skal hann þegar í stað tilkynna það hlutaðeigandi opinberum eftirlitsaðila. Stjórnendur skulu tilkynna yfirvöldum um aðgerðir til að fyrirbyggja hættu fyrir neytandann og jafnframt eiga allt það samstarf við yfirvöld sem dregið getur úr eða eytt áhættu vegna viðkomandi matvæla.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 5. gr.

■ **9. gr.** [Matvælafyrirtæki skulu hafa starfsleyfi frá viðkomandi opinberum eftirlitsaðila, sbr. 20. gr., og skulu þau sækja um starfsleyfi áður en starfsemi hefst. Matvælafyrirtæki sem annast frumframleiðslu matjurta eða sauðfjár- og hrossarékt þurfa ekki starfsleyfi en þurfa að tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína áður en hún hefst. Heimilt er að binda starfsleyfi tilteknum skilyrðum, sbr. ákvæði í 2.–4. mgr.

□ Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma enda uppfylli starfsemin skilyrði laga og stjórnvaldsreglna sem um hana gilda. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út. Stjórnanda ber að veita opinberum eftirlitsaðila upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Opinberum eftirlitsaðila er heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á rekstrinum, vegna tæknipróunar eða breytinga á reglum um öryggi matvæla eða framkvæmd matvælaeftirlits.

□ Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að gefa út starfsleyfi til bráðabirgða þannig að matvælafyrirtæki gefist ráðrúm til nauðsynlegra úrbóta á starfsemi sinni enda sé um smávægilegar atvugasemdir opinbers eftirlitsaðila að ræða.

□ Í starfsleyfi skal tilgreina stjórnanda og staðsetningu starfsemi, tegund hennar, skilyrði, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis, auk ákvæða um eftirlit, umgengi, hreinlæti og innra eftirlit eftir því sem við á hverju sinni.

□ Þrátt fyrir skilgreiningu á matvælafyrirtæki í 4. gr. er ráðherra heimilt að undanskilja frá starfsleyfis- eða tilkynningarskyldu aðila sem halda búfé en ekki í ágóðaskyni en þeir skulu þó uppfylla önnur skilyrði þessara laga og stjórnvaldsreglna sem settar eru með heimild í þeim.

□ Í sérlögum er heimilt að kveða á um sérstök skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis fyrir starfsemi einstakra matvælafyrirtækja.

□ Ef einnig er kveðið á um starfs- eða vinnsluleyfisskyldu í sérlögum eða lögum um eftirlit með föðri fyrir starfsemi sem fellur undir ákvæði þessara laga er opinberum eftirlitsaðila heimilt að gefa út eitt starfsleyfi á grundvelli hvorra tveggja laganna.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 6. gr.

■ **10. gr.** [Matvælafyrirtæki skulu haga starfsemi sinni í samræmi við reglur um almenna hollustuhætti og tryggja að matvæli óhreinkest ekki eða spillist á annan hátt.

□ Stjórnendur matvælafyrirtækja bera ábyrgð á því að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með starfseminni, byggt á meginreglum hættugreiningar, til að fyrirbyggja að matvæli geti valdið matarsjúkdómum og til þess að tryggja að matvæli séu að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Innra eftirlit fyrirtækisins skal miðast við eðli og umfang starfseminnar og byggjast á reglum sem ráðherra ákveður í reglugerð. Starfsfólk, sem starfar við framleiðslu matvæla eða dreifir þeim, skal gæta hreinlætis við störf sín. Það skal hafa þekkingu á meðferð matvæla. Stjórnendur matvælafyrirtækja bera ábyrgð á að starfsfólkinu sé veitt fræðsla. Ráðherra er heimilt að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðferð matvæla þar sem sérstök áhersla er lögð á innra eftirlit og öryggi matvæla. Ef opinberir aðilar annast námskeiðahald er heimilt að taka gjald sem nemur raunkostnaði við það.]¹⁾

□ Þeim sem haldnir eru sjúkdómum, sem hætta er á að geti

dreifst með matvælum, er óheimilt að starfa við meðferð matvæla. Eftirlitsaðilar, sbr. IX. kafla laganna, geta að höfðu samráði við landlækni gert kröfu um reglubundna heilsufarsskoðun starfsfólks. [Eftirlitsaðilar skulu einnig með öðrum hætti vinna að því að fyrirbyggja að matvæli geti valdið heilsutjóni og skulu grípa til viðeigandi ráðstafana ef vart verður við matarsjúkdóma eða smithættu.]²⁾

¹⁾ L. 143/2009, 7. gr. ²⁾ L. 169/2000, 1. gr.

■ **11. gr.** Óheimilt er að hafa matvæli á boðstólum eða dreifa þeim þannig að þau blekki kaupanda að því er varðar uppruna, tegund, gæðaflokkun, samsetningu, magn, eðli eða áhrif. [Óheimilt er að flytja til landsins eða markaðssetja matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni, sem innihalda lyf samkvæmt skilgreiningu lyfjalaga. Leiki vafi á því hvort einstök efnasambönd teljist lyf sker Lyfjastofnun úr.]¹⁾

□ Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um með hvaða hætti hafa má matvæli á boðstólum eða dreifa á annan hátt þannig að gefið sé í skyn að varan sé sérstaklega ætluð tilteknum hópum, með vísan til aldurs, sjúkdóma eða annarra ástæðna.

¹⁾ L. 143/2009, 8. gr.

■ **12. gr.** Matvæli, sem finnast á framleiðslustað eða í húskynnum framleiðslustaðar, skulu talin framleidd þar nema annað verði sannað. Matvæli teljast jafnframt höfð á boðstólum á dreifingarstað ef þau er þar að finna.

□ Á sama hátt skulu efni, hlutir og annað, sem tengist framleiðslu matvæla, talin notuð við framleiðslu ef þau er að finna á framleiðslustað. Jafnframt telst slíkur varningur hafður á boðstólum á dreifingarstað ef hann er þar að finna.

□ Ákvæði greinarinnar eiga ekki við ef sannanlega er um sýni af tilbúinni vöru að ræða eða þegar eftirlitsaðila hefur verið tilkynnt um að unnið sé að vöruþróun.

■ **13. gr.** Matvæli skal geyma þannig að þau verði ekki fyrir skemmdum eða spillist á annan hátt. Geymsluskilyrði skulu vera í samræmi við ákvæði sem sett eru með reglugerðum um geymslu matvæla og er framleiðandi eða eftir atvikum dreifandi ábyrgur fyrir geymslu vörunnar.

□ Eigandi eða umráðandi flutningatækis er ábyrgur fyrir því að tækið uppfylli þær kröfur sem settar eru um flutning matvæla.

■ [13. gr. a. Á öllum stigum framleiðslu og dreifingar skal vera fyrir hendi möguleiki á að rekja feril matvæla, dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og hvers kyns efna sem nota á eða vænst er að verði notuð í matvæli.

□ Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu geta tilgreint alla einstaklinga og lögaðila sem hafa afhent þeim matvæli, dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða hvers kyns efni sem nota á eða vænst er að verði notuð í matvæli. Einnig skulu stjórnendur geta tilgreint fyrirtæki sem þeir hafa afhent vörur sínar. Í þessu skyni skulu umræddir stjórnendur hafa yfir að ráða kerfum og verklagsreglum til að gera framangreindar upplýsingar aðgengilegar opinberum eftirlitsaðilum að beiðni þeirra. Þá skulu matvæli vera merkt og auðkennd á viðeigandi hátt til að auðveldara verði að rekja feril þeirra með aðstoð viðeigandi skjala eða upplýsinga í samræmi við framangreindar kröfur.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 9. gr.

V. kafli. Umbúðir og merking þeirra.

■ **14. gr.** Þeim sem framleiða eða flytja inn umbúðir fyrir matvæli, eða fyrir vörur sem notaðar eru við framleiðslu matvæla, er skylt að gæta þess að umbúðir geti ekki spillt þeirri

vöru sem þær eru ætlaðar fyrir, þannig að hún verði hættuleg eða varasöm heilsu manna, gæði hennar rýrni eða varan teljist óneysluhæf. Matvælaframleiðendur og dreifendur bera sömu skyldur.

□ [Rekjanleika umbúða og annarra efna og hluta sem ætlað er að snerta matvæli skal tryggja á öllum stigum. Ráðherra er heimilt með reglugerð¹⁾ að setja nánari ákvæði um skyldu framleiðenda og dreifingaraðila til að hafa kerfi og verklagsreglur sem tryggi rekjanleika umbúða og annarra efna og hluta sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli til að auðvelda eftirlit, innköllun gallaðra vara, miðlun upplýsinga til neytenda og til að ákvarða ábyrgð á hinni gölluðu vöru.

□ Þegar eftirlitsaðili hefur rökstudda ástæðu til að ætla á grundvelli nýrra upplýsinga eða endurmats á fyrirbyggjandi upplýsingum að notkun umbúða og annarra efna eða hluta stofnir heilbrigði manna í hættu, þrátt fyrir að viðeigandi ráðstafanir um öryggi vörunnar hafi verið gerðar, er eftirlitsaðila heimilt að takmarka eða stöðva dreifingu vara.]²⁾

¹⁾ Rg. 503/2005 (um merkingu matvæla), sbr. 681/2009. Rg. 698/2008 (um takmörkun á notkun tiltekinnar epoxýafsteina í efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli). Rg. 34/2009 (um efni og hluti úr sellulósafilmu sem er ætlað að snerta matvæli). ²⁾ L. 29/2008, 1. gr.

■ **15. gr.** Matvælaumbúðir skulu merktar með nafni og heimilisfangi framleiðanda matvælna eða dreifanda þeirra. Þá skal heiti vörunnar koma fram ásamt upplýsingum um innihald, geymsluskilyrði, geymsluþol og nettóþyngd eða lagarmál.

□ Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um umbúðamerkingar þar sem m.a. koma fram kröfur um að á umbúðum séu upplýsingar um styrk einstakra efna, næringarefnagildi, ástand vöru og þá meðhöndlun sem vara hefur fengið í framleiðslu. Enn fremur er ráðherra heimilt að undanþiggja tilteknar vörutegundir eða vöruflokka einstökum ákvæðum um umbúðamerkingar.

VI. kafli. Sérreglur um efnainnihald.

■ **16. gr.** Ráðherra er heimilt með reglugerð¹⁾ að setja ákvæði um heiti, framleiðslu og samsetningu matvæla, þegar slíkt er talið nauðsynlegt, til að stuðla að heilbrigði eða til að tryggja hagsmuni framleiðenda og neytenda.

□ Þegar vöruheiti er bundið við tiltekna vörutegund samkvæmt þessari grein er ekki heimilt að nota sama heiti á aðrar vörur eða veita einhverjar þær upplýsingar sem gætu orðið til þess að neytendur villtust á vörunni og öðrum vörum sem hafa annan uppruna eða aðra samsetningu.

¹⁾ Rg. 674/1998 (um megrunarfræði). Rg. 542/2000 (um kaffi o.fl.), sbr. 667/2002. Rg. 605/2000 (um matvæli til nota í sérstökum lækisfræðilegum tilgangi), sbr. 519/2009. Rg. 520/2009 (um ungbarnablöndur og stoðblöndur). Rg. 1045/2010 (um hámarks magn transfítusýra í matvæli).

■ **17. gr.** Ráðherra skal með reglugerðum¹⁾ setja ákvæði um notkun aukefna, bragðefna, varnarefna og bætiefna við framleiðslu matvæla og um leyfilegt magn aðskotaefna í matvælium.

□ Óheimilt er að nota vaxtaraukandi efni til framleiðslu á matvælium, nema til þess hafi verið veitt sérstök undanþága í reglugerð.

¹⁾ Rg. 587/1993 (um bragðefni í matvælium), sbr. 305/2001 og 848/2003. Rg. 526/2006 (um íblöndun bætiefna í matvæli), sbr. 855/2007.

VII. kafli. [Framkvæmd, neytendavernd og fræðslustarfsemi.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 12. gr.

■ **18. gr.** Til þess að tryggja framkvæmd laga þessara setur [ráðherra]¹⁾ reglugerð²⁾ um atriði sem lög þessi ná til. Þar skal m.a. kveðið nánar á um framleiðslu og dreifingu mat-

væla, efnainnihald, viðmiðunarmörk fyrir örverur, umbúðir, matvælaeftirlit og matvælarannsóknir.

¹⁾ L. 167/2007, 38. gr. ²⁾ Rg. 557/1993 (um hraðfryst matvæli), sbr. 1183/2007. Rg. 587/1993 (um bragðefni í matvælium), sbr. 305/2001, 848/2003, 413/2005, 1316/2008 og 906/2008. Rg. 251/1995 (um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabíum og útungunarstöðvum), sbr. 563/2012. Rg. 392/1995 (um mjólkurprótein til notkunar í matvæli), sbr. 983/2011. Rg. 674/1998 (um megrunarfræði), sbr. 596/2008. Rg. 542/2000 (um kaffi o.fl.), sbr. 667/2002. Rg. 605/2000 (um matvæli til nota í sérstökum lækisfræðilegum tilgangi), sbr. 519/2009. Rg. 341/2001 (um geislun matvæla með jónandi geislun), sbr. 1013/2001 og 163/2003. Rg. 536/2001 (neyslumat). Rg. 285/2002 (um aukaeftir í matvælium), sbr. 658/2002, 741/2003, 414/2005, 500/2005, 526/2006, 1171/2006, 1009/2007, 10/2009, 192/2009 og 981/2011. Rg. 798/2002 (um kakó- og súkkulaðivörur). Rg. 288/2003 (um hunang). Rg. 366/2003 (um sykurlaugingur). Rg. 502/2003 (um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælium). Rg. 577/2003 (um ávaxtasafa og sambærilegar vörur), sbr. 595/2010 og 984/2011. Rg. 656/2003 (um aldinsultur og sambærilegar vörur). Rg. 661/2003 (um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælium). Rg. 662/2003 (um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælium). Rg. 736/2003 (um sýnatök og meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum í matvælium), sbr. 860/2003, 410/2004, 563/2005, 236/2007, 268/2010 og 883/2010. Rg. 846/2003 (um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um bragðefni í matvælium). Rg. 884/2003 (um merkingu matvæla sem innihalda kínín og matvæla sem innihalda koffín). Rg. 405/2004 (um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn), sbr. 1097/2004. Rg. 411/2004 (um sýmis aðskotaefni í matvælium), sbr. 56/2005 og 269/2010. Rg. 425/2004 (um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um fyrirkomulag vöktunar á hámarks gildum varnarefnaleifa í tilteknum matvælium). Rg. 624/2004 (um fæðubótarefni), sbr. 684/2005, 399/2007 og 651/2012. Rg. 331/2005 (um kjöt og kjötvörur). Rg. 439/2005 (um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælium). Rg. 503/2005 (um merkingu matvæla), sbr. 553/2006, 1303/2007, 681/2009 og 982/2011. Rg. 508/2005 (um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælium). Rg. 681/2005 (um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um merkingu matvæla og innihaldsefna matvæla með viðbættum jurta-sterólum, jurta-sterólestrum, jurta-steróólum og/eda jurta-sterólestrum). Rg. 439/2006 (um leirhluti sem er ætlað að snerta matvæli). Rg. 526/2006 (um íblöndun bætiefna í matvæli), sbr. 566/2007 og 855/2007. Rg. 555/2006 (um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælium). Rg. 237/2007 (um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælium). Rg. 1289/2007 (um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælium). Rg. 1307/2007 (um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælium). Rg. 568/2008 (um góða framleiðsluhætti að því er varðar efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli), sbr. 396/2013. Rg. 618/2008 (um reykrbragðefni sem eru notuð eða eru ætluð til notkunar í eða á matvælium). Rg. 672/2008 (um hámarks gildi varnarefnaleifa í matvælium og föðri), sbr. 1089/2008. Rg. 697/2008 (um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælium). Rg. 698/2008 (um takmörkun á notkun tiltekinnar epoxýafsteina í efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli). Rg. 790/2008 (um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælium). Rg. 925/2008 (um markaðssetningu ungbarnablöndna úr tilteknum mysupróteínum). Rg. 34/2009 (um efni og hluti úr sellulósafilmu sem er ætlað að snerta matvæli). Rg. 410/2009 (um merkingu næringargildis matvæla), sbr. 547/2009 og 170/2010. Rg. 489/2009 (um vinnslu og heilbrigðiseftirlit með hvalaafurðum). Rg. 520/2009 (um ungbarnablöndur og stoðblöndur), sbr. 1042/2009. Rg. 708/2009 (um barnamat fyrir ungbörn og smábörn). Rg. 104/2010 (um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýrarkínu, auk áorðinna breytinga), sbr. 850/2012 og 352/2013. Rg. 172/2010 (um sjóflutninga á hráskyri, fljóttandi fitu og olíum). Rg. 865/2010 (matvæli sem eru ætluð til sérstakra, næringarlegra nota (sérfræði)). Rg. 1044/2011 (um eftirlit með innflutningi á dýraafurðum frá ríkjum utan EES). Rg. 570/2012 (um kröfur um heilbrigði dýra og manna vegna viðskipta með afurðir innan Evrópska efnahagssvæðisins og innflutning afurða frá ríkjum utan svæðisins), sbr. 760/2012. Rg. 851/2012 (um mjólkurvörur). Rg. 220/2013 (um ráðstafanir til að takmarka áhrif tiltekinnar sjúkdóma í lagareldisdyrum og villtum lagardýrum). Rg. 221/2013 (um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar eftirlits- og úrýmingaráætlanir og sjúkdómalaus stöðu ríkjá, svæða og hólfa). Rg. 271/2013 (um rafrænt aðgengi að upplýsingum um lagareldisfyrirtæki og viðurkendar vimslustöðvar). Rg. 272/2013 (um viðmiðunarreglur fyrir áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2006/88/EB). Rg. 273/2013 (um kröfur varðandi sóttkví fyrir lagareldisdýr).

■ **[18. gr. a.** Leitast skal við að vernda hagsmuni neytenda og gefa neytendum kost á upplýstu vali með tilliti til matvælna sem þeir neyta. Þannig skal leitast við að fyrirbyggja framleiðslu og markaðssetningu svikinnar matvæla, sviksamlegar eða villandi starfsvenjur og aðrar starfsvenjur sem gætu villt um fyrir neytendum.

□ Óheimilt er að villa um fyrir neytendum með merkingu, auglýsingu og framsetningu matvæla, þ.m.t. lögum þeirra, útliti eða umbúðum og umbúðaeftir, hvernig þeim er fyrir kom-

ið og í hvaða umhverfi þau eru sýnd, sem og upplýsingum sem eru veittar um þau.¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 11. gr.

■ **[18. gr. b.** Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja ákvæði um að matvælafyrirtæki geti merkt matvæli sem þau framleiða eða dreifa með viðurkenndri áherslumerkingu sem gefi til kynna að matvælin séu í samræmi við stefnu stjórnvalda um manndismarkmið, af miklum gæðum eða hafi önnur sameiginleg einkenni.

□ Í reglugerðinni skal kveðið á um gerð merkinga og hvaða kröfur eru gerðar fyrir notkun þeirra, í hvaða tilgangi heimilt sé að nota þær, gæðaviðmið, kröfur til framleiðslu og verkunar, hvernig eftirliti skuli hátað, ábyrgð matvælafyrirtækja, skráningu, kostnað við eftirlit og annað er varðar notkun þeirra.

□ Við undirbúning setningar reglugerðar skal ráðherra leita álits landlæknisembættisins.¹⁾

¹⁾ L. 19/2012, 1. gr.

■ **19. gr.** [Matvælastofnun skal sjá um að halda uppi fræðslu fyrir almenning um þau málefni sem lög þessi ná til. Jafnframt skal stofnunin vinna að eflingu fræðslustarfs fyrir þá sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla og veita ráðgjöf við gerð námsefnis fyrir kennslu um matvæli og meðferð þeirra, sbr. 2. mgr.]¹⁾

□ [Það ráðuneyti er fer með fræðslumál]²⁾ setur ákvæði í námskrá eftir því sem við á um kennslu í matreiðslu, örverufræði, matvælafræði, næringarfræði og um neytendamálefni, hefur eftirlit með fræðslunni og fylgist með því að fullnægjandi aðstaða sé fyrir hendi.

¹⁾ L. 167/2007, 39. gr. ²⁾ L. 126/2011, 212. gr.

VIII. kafli. Leyfisveitingar.

■ **20. gr.** [Framleiðsla og dreifing matvæla er háð leyfi heilbrigðisnefndar skv. 9. gr. Þegar ákvæði þessi eiga við um starfsemi sem er undir opinberu eftirliti Matvælastofnunar skv. 6. gr. er leyfisveiting í höndum þeirrar stofnunar.]¹⁾

□ Leyfisveiting og endurnýjun leyfa er háð því að eftirlits- og leyfisgjald hafi verið greitt, sbr. og 25. og 26. gr., og leyfi til framleiðslu og dreifingar matvæla má fella úr gildi ef sá sem slíkt leyfi hefur gerist sekur um ítrekuð eða alvarleg brot á lögum þessum, reglugerðum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim.

□ Þeir sem annast leyfisveitingu geta endurskoðað veitt leyfi ef framleiðandi eða dreifandi ráðgerir að taka í notkun framleiðslutækni sem ekki hefur áður verið almennt í notkun og skal viðkomandi eftirliti tilkynnt um slíkar fyrirætlanir.

¹⁾ L. 143/2009, 13. gr.

■ **21. gr. . . .**¹⁾

¹⁾ L. 167/2007, 41. gr.

IX. kafli. Matvælaeftirlit.

■ **22. gr.** [Heilbrigðisnefnd hefur undir yfirumsjón Matvælastofnunar opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla. Matvælastofnun hefur þó opinbert eftirlit með matvælum sem falla undir ákvæði 6. gr. Matvælastofnun skráir nauðsynlegar upplýsingar um framleiðslu og dreifingu matvæla vegna matvælaeftirlits. Matvælastofnun skal hafa aðgang að niðurstöðum úr sýnatökum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Þá er ráðherra heimilt að fela stofnuninni eftirlit með afmörkuðum þáttum.]¹⁾

□ [Ef bæði Matvælastofnun og heilbrigðisnefnd hafa eftirlitsskyldur með sama matvælafyrirtæki, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, skal ráðherra úrskurða hvor aðilinn skuli fara með opinbert eftirlit og veita leyfi skv. 20. gr.

□ Opinberum eftirlitsaðilum er heimilt að fela hver öðrum að annast tiltekin verkefni sem eru á verksviði þessara aðila samkvæmt lögum þessum.

□ Flutningur verkefna skv. 3. mgr. getur einnig tekið til ákvarðana um þvingunarræði og viðurlög skv. 30. gr. og 30. gr. a – 30. gr. d og gjaldtöku fyrir eftirlitið skv. 25. gr.

□ Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd framsals á eftirliti.

□ Matvælaeftirlit skal m.a. byggjast á áhættugreiningu og skal áhættumat unnið á hlutlausan og gagnsæjan hátt á grundvelli vísindalegra upplýsinga og gagna. Í þessum tilgangi skipar ráðherra ráðgefandi nefnd sem veitir vísindalega ráðgjöf um áhættumat að beiðni ráðherra eða Matvælastofnunar. Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg og í réttu hlutfalli við áhættuna, að teknu tilliti til niðurstaðna úr eftirliti og samkvæmt eftirlitsáætlunum.

□ Matvælastofnun hefur yfirumsjón með matvælaeftirliti og skal sjá um að vöktun og rannsóknir vegna þessa eftirlits séu framkvæmdar. Í yfirumsjón felst samræming matvælaeftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu.

□ Matvælastofnun skal koma á samvinnu þeirra er að málum þessum starfa og skal í slíkum tilvikum sérstaklega gæta að hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt. Stofnunin skal hafa nána samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa og veita þá ráðgjöf og þjónustu varðandi matvælaeftirlit sem hún getur og aðstæður krefjast. Þá skal stofnunin vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði matvælaeftirlits og að því að slíkum kröfum sé framfylgt. Til þess að stuðla sem best að því að þessu markmiði verði náð gefur stofnunin út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja.²⁾

¹⁾ L. 167/2007, 42. gr. ²⁾ L. 143/2009, 14. gr.

■ **23. gr.** [Opinberum eftirlitsaðila er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum og skal gerður um það sérstakur samningur í hverju tilviki. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara.

□ Faggiltir aðilar skulu rækja eftirlit sitt á vegum opinbers eftirlitsaðila sem fylgist með starfi þeirra og sannreynir að þeir ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt, enda skulu þeir veita honum upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja á þann hátt sem hann ákveður.

□ Verði misbrestur á að hinir faggiltu aðilar ræki almennt skyldur sínar samkvæmt samningi sínum við opinberan eftirlitsaðila, vanræki þeir upplýsingaskyldu sína eða gefi rangar upplýsingar veitir hann þeim áminningu eða riftir við þá samningi ef sakir eru miklar.

□ Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilyrði og störf faggiltra aðila samkvæmt lögum þessum og enn fremur um gerð samninga.

□ Jafnframt getur ráðherra sett reglur um hvernig innra eftirlit matvælafyrirtækja, sem starfrækt er samkvæmt vottuðu gæðakerfi, getur verið þáttur í opinberu matvælaeftirliti.

□ Þá er ráðherra heimilt að ákveða að tilteknar rannsóknastofur, sem hlotið hafa faggildingu á viðkomandi rannsóknar- eða prófunarsviði, skuli vera tilvísunarrannsóknastofur.¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 15. gr.

■ **24. gr.** [Matvælafyrirtækjum]¹⁾ er skylt að láta aðilum, sem fara með eftirlit samkvæmt lögum þessum, endurgjaldslaust í té nauðsynleg sýni til rannsókna og veita þeim allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast við framkvæmd eftirlitsins. Jafnframt er skylt að veita óhindraðan aðgang til eftirlits á þeim stöðum þar sem framleiðsla eða dreifing matvæla á sér stað.

□ Eftirlitsaðilar eru bundnir þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd er þeir kunna að komast að við leyfisveitingar, sbr. VIII. kafla, og framkvæmd eftirlits.

□ [[Heilbrigðisnefnd, aðilar sem hafa faggildingu og fara með tiltekin eftirlitsverkefni og matvælafyrirtæki]¹⁾ skulu tilkynna [Matvælastofnun]²⁾ ef gögn sem þessir aðilar hafa undir höndum eða aðrar ástæður benda til hættu á heilsutjóni vegna neyslu matvæla. Sama tilkynningarskylda á við um þá sem starfa við rannsóknir og greiningu á matvælum ef þeir greina í matvælum örverur sem geta valdið sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997, eða reglna settra með stoð í þeim lögum.]³⁾

¹⁾ L. 143/2009, 16. gr. ²⁾ L. 167/2007, 44. gr. ³⁾ L. 169/2000, 2. gr.

X. kafli. Rekstrarkostnaður og gjaldtaka.

■ **25. gr.** [Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu matvælafyrirtæki greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarpáttum við matvælaeftirlitið:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,

b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhaldna, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,

c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

□ Opinber eftirlitsaðili framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, með matvælum þegar tiltekin starfsemi matvælafyrirtækis eða matvæli eru ekki talin uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis matvæla vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber matvælafyrirtæki. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að afurðir eða vara hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits opinberra eftirlitsaðila og skal hann gefa út gjaldskrá¹⁾ fyrir eftirlit Matvælastofnunar að fengnum tillögum stofnunarinnar. Með sama hætti skulu sveitarfélögin gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitsskylda starfsemi heilbrigðisnefnda vegna matvælaeftirlits.

□ Við gerð reglugerðar og gjaldskrár opinberra eftirlitsaðila skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

a. hvers konar fyrirtæki um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta,

b. hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu,

c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,

d. þarfa fyrirtækja með aðsetur á svæðum sem líða fyrir tiltekna landfræðilegar takmarkanir.

Ráðherra skal afla umsagnar hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár Matvælastofnunar með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.

□ Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi opinbers eftirlitsaðila.

□ Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Opinberum eftirlitsaðilum er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

□ Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um innheimtu gjalds fyrir eftirlit á landamærastöðvum með innflutningi frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

□ Þá skulu ákvæði þessarar greinar einnig gilda eftir því sem við á um eftirlitsgjöld opinbers eftirlitsaðila vegna eftirlits sem hann felur faggiltum aðilum að framkvæma skv. 23. gr.]²⁾

¹⁾ Rg. 567/2012, sbr. 59/2013. ²⁾ L. 143/2009, 17. gr.

■ **26. gr.** [[Ráðherra]¹⁾ skal setja gjaldskrá²⁾ vegna útgáfu starfsleyfa og vottorða skv. VIII. og IX. kafla laganna, svo og vegna skráningar og móttöku umsókna um heimild til notkunar aukefna og annarra slíkra leyfisveitinga. Gjaldskrá skal taka mið af kostnaði sem hlýst af útgáfu starfsleyfa og vottorða, skráningu og móttöku umsókna og leyfisveitingum og má ákvörðun gjalds ekki vera hærri en sá kostnaður.]³⁾

¹⁾ L. 167/2007, 46. gr. ²⁾ Rg. 567/2012, sbr. 59/2013. ³⁾ L. 169/2000, 4. gr.

■ **27. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 18. gr.

■ **[27. gr. a.** Matvælastofnun er heimil skyndiskoðun og sýnataka til rannsókna á búfjár- og sjávarafurðum sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins enda sé rökstuddur grunur um að matvælin séu heilsuspillandi eða óhæf til neyslu eða geti valdið dýrasjúkdómum. Þegar nauðsyn krefur getur opinber eftirlitsaðili lagt fyrir stjórnanda matvælafyrirtækis að hann tilkynni honum, með hæfilegum fyrirvara, um flutning matvæla til landsins frá EES-ríkjum.

□ Viðtakandi búfjár- og sjávarafurða skal halda dagbók yfir mótteknar sendingar og ganga úr skugga um að samræmi sé milli þeirra og meðfylgjandi skjala. Varðveita skal vottorð og önnur skilríki þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu opinbers eftirlitsaðila.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 19. gr.

■ **[27. gr. b.** Allur innflutningur búfjárafurða, sjávarafurða og lifandi ferskvatns- eða sjávardýra frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal fara um landamærastöðvar.

□ Tilkynna skal Matvælastofnun fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist.

□ Á landamærastöðvum eða í þeim höfnum sem heimild hafa fengið fyrir innflutningi skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu til að sannreyna uppruna hennar og ákvörðunarstað.

□ Matvælastofnun skal kanna ástand afurðanna og taka sýni til rannsókna á rannsóknastofu. Skal Matvælastofnun í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðunar og sýnatökur. Komi í ljós við skynmat eða rannsókn að þær séu óhæfar til manneldis skal eyða þeim. Heimilt er þó að endursenda afurðina að fengnu leyfi yfirvalda í framleiðslulandi eða taka hana til annarra nota enda sé það talið öruggt.

□ Innflytjandi er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

□ Um innflutning sjávarafurða og lifandi sjávardýra vísast

að öðru leyti til 22. og 23. gr. og 25.–27. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 19. gr.

■ **[27. gr. c.** Matvælafyrirtæki sem markaðssetja matvæli sem falla undir ákvæði 27. gr. a og 27. gr. b skulu starfrækja innra eftirlit og byggja á hættugreiningu, sbr. ákvæði 10. gr., til að fyrirbyggja að matvæli geti valdið matarsjúkdómum og til þess að tryggja að matvæli séu að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 19. gr.

■ **[27. gr. d.** Matvælastofnun er heimill rafrænn aðgangur að farmskrárupplýsingum úr upplýsingakerfum tollyfirvalda vegna eftirlits með þeim vörum sem 27. gr. a og 27. gr. b ná til. Matvælastofnun og starfsmenn hennar skulu meðhöndla upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt þessari grein, sem trúnaðarupplýsingar og í samræmi við lög um persónuvernd. Stofnunin og starfsmennirnir bera jafnframt sömu þagnar-skyldu og starfsmenn tollstjóra samkvæmt ákvæðum tolla-laga.]¹⁾

¹⁾ L. 76/2012, 1. gr.

XI. kafli. [Varúðarráðstafanir, þvingunarúrræði og valdsvið.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 25. gr.

■ **28. gr.** [Þegar hætta er talin á að matvæli geti valdið al-varlegu heilsutjóni er ráðherra heimilt að fyrirskipa nauðsyn-legal varúðar- og varnaraðgerðir.

□ Í sérstökum tilvikum þar sem mat á fyrirliggjandi upp-lýsingum leiðir í ljós möguleika á heilsuspillandi áhrifum en vísindaleg óvissa ríkir áfram er ráðherra heimilt að sam-þykka nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að tryggja heilsu almennings vegna hugsanlegra heilsuspillandi áhrifa.

□ Ráðstafanir, sem eru samþykktar á grundvelli 2. mgr., skulu vera í réttu hlutfalli við markmið þeirra og ekki hamla viðskiptum meira en nauðsynlegt er. Ráðstafanirnar skulu endurskoðaðar innan eðlilegs tíma miðað við eðli þeirrar áhættu fyrir líf eða heilsu manna sem greind hefur verið og þá tegund vísindalegra upplýsinga sem þarf til að eyða vísinda-legalri óvissu og til að framkvæma umfangsmeira áhættumat.

□ Varúðar- og varnaraðgerðir geta náð til alls landsins eða hluta þess. Skal ráðherra hafa samráð við Matvælastofnun og sóttvarnalækni áður en til aðgerða er gripið.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 20. gr.

■ **[28. gr. a.** Leiki rökstuddur grunur á að tiltekin matvæli hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna skulu hlutað-eigandi opinberir eftirlitsaðilar upplýsa almennung um eðli áhættunnar fyrir heilsu manna. Slíkar ráðstafanir opinbers eftirlitsaðila skulu miðast við eðli, alvarleika og umfang þeirrar áhættu sem um er að ræða. Tilgreina skal eins ná-kvæmlega og unnt er matvælin sem um er að ræða, tegund matvæla, þá áhættu sem kann að vera á ferðum og ráðstafan-ir sem hafa verið gerðar eða verða gerðar á næstunni til að fyrirbyggja, draga úr eða eyða þessari áhættu.

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð¹⁾ um opinbera bir-tingu niðurstaðna vegna eftirlits sem fram fer skv. 1. mgr.

□ Jafnframt er ráðherra heimilt að setja með reglugerð regl-ur um birtingu niðurstaðna almenns matvælaeftirlits eða upp-lýsinga sem falla undir 18. gr. a. Ráðherra getur m.a. ákveð-ið að kæra fresti ekki réttaráhrifum opinberrar birtingar og jafnframt ákveðið að vissum upplýsingum sé haldið leynd-um. Slíkar reglur skulu kveða á um framsetningu og inntak birtingarinnar, m.a. að birtingin sé rafræn og á hvaða tíma-marki skuli birta slíkar upplýsingar. Heimilt er að birta nið-

urstöður eftirlits er varða eitt matvælafyrirtæki eða fleiri eftir atvikum.]²⁾

¹⁾ Rg. 320/2012. ²⁾ L. 143/2009, 21. gr.

■ **29. gr. . . .**¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 22. gr.

■ **30. gr.** [Opinberum eftirlitsaðila er heimilt að stöðva starfsemi að hluta eða í heild ef rökstuddur grunur er um að matvæli séu heilsuspillandi, óhæf til neyslu eða valdi tjóni á öðrum hagsmunum.

□ Sama gildir ef um er að ræða starfsemi sem er stunduð án tilskilins leyfis eða tilkynningarskyldu hefur ekki verið sinnt skv. 9. gr.

□ Einnig er opinberum eftirlitsaðila heimilt að gefa fyrir-mæli um afmengun matvæla, stöðva eða takmarka fram-leiðslu og markaðssetningu matvæla og leggja hald á þau þegar rökstuddur grunur er um að matvælin uppfylli ekki ákvæði laga þessara eða stjórnvaldsreglna settra samkvæmt þeim. Þegar opinberir eftirlitsaðilar leggja hald á matvæli er þeim heimil förgun þeirra sé það talið nauðsynlegt.

□ Þá getur opinber eftirlitsaðili jafnframt, til að knýja á um aðgerðir samkvæmt lögum þessum, stjórnvaldsreglum eða eigin fyrirmælum samkvæmt þessum ákvæðum, beitt eftir-farandi aðgerðum:

a. veitt áminningu,

b. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.

□ Stöðvun starfsemi og förgun á vörum skal því aðeins beitt að um alvarlegt tilvik eða ítrekað brot sé að ræða eða ef að-ilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Sé um slík brot að ræða getur opinber eftirlitsaðili afturkallað leyfi viðkomandi mat-vælafyrirtækis til reksturs skv. 9. gr., sbr. 20. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 23. gr.

■ **[30. gr. a.** Þegar stjórnandi sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekens frests getur opinber eftirlitsaðili ákveðið matvæla-fyrirtæki dagsektir þar til úrbætur hafa verið framkvæmd-ar. Dagsektir sem Matvælastofnun ákveður renna í ríkissjóð en dagsektir sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna ákveða skulu renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði. Hámark dagsekta skal ákveðið í reglugerð¹⁾ sem ráð-herra setur. Jafnframt er opinberum eftirlitsaðila heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af viðkomandi opinberum eftirlitsaðila en inn-heimtast síðar hjá hlutaðeigandi matvælafyrirtæki. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi án undanfarandi dóms eða sáttar.]²⁾

¹⁾ Rg. 767/2010. ²⁾ L. 143/2009, 23. gr.

■ **[30. gr. b.** Opinberum eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og mynda-töku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi og stjórnvalds-reglur ná yfir og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Einnig er opinberum eftirlitsaðila heimilt að taka sýni þar sem starfsemi fer fram og lög þessi og stjórnvaldsreglur settar samkvæmt þeim ná til.

□ Stjórnendum er skylt að veita aðstoð við framkvæmd eftirlitsins og veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim endur-gjaldslaut að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits. Þá getur opinber eftirlitsaðili ákveðið að matvæla-fyrirtæki skuli greiða allan kostnað vegna þvingunarúræða

sem framkvæmd eru samkvæmt lögum þessum og má innheimta slíkan kostnað með fjárnámi án dóms eða sáttar.¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 23. gr.

■ [30. gr. c. Telji Matvælastofnun svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal það hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd.

□ Matvælastofnun skal sjá um samhæfingu aðgerða samkvæmt lögum þessum þegar upp kemur bráð eða alvarleg matarsýking, matareitrun eða önnur vá svipaðs eðlis. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skulu þegar í stað tilkynna Matvælastofnun um slík mál og skal stofnunin að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðisnefnd taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir. Starfsmenn Matvælastofnunar og heilbrigðisnefndir skulu jafnframt tilkynna um slík mál til yfirlæknis viðkomandi heilsugæslu og sóttvarnalæknis, sbr. 4. og 5. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 11. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997.¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 23. gr.

■ [30. gr. d. Við meðferð mála skv. 30. gr., 30. gr. a, 30. gr. b og 30. gr. c skal fara eftir ákvæðum stjórnslulaga og öðrum reglum stjórnsluréttar. [Kæra vegna stjórnsluákvörðunar í tengslum við eftirlit með innflutningi dýraafurða og lifandi ferskvatns- og sjávareldisdýra sem koma til landsins frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 27. gr. b, skal þó borin fram innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 76/2012, 2. gr. ²⁾ L. 143/2009, 23. gr.

■ [[30. gr. e.]¹⁾ Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd þessara laga skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Sama gildir um ágreining milli Matvælastofnunar og heilbrigðisnefnda um framkvæmd laga þessara.]²⁾

¹⁾ L. 143/2009, 24. gr. ²⁾ L. 167/2007, 49. gr.

XII. kafli. [Viðurlög.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 27. gr.

■ 31. gr. [Brot gegn ákvæðum þessara laga og stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

□ Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á stjórnanda eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sömu skilyrðum, gera lögaðila sekt ef stjórnandi eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot.

□ Mál út af brotum skv. 1. og 2. mgr. skulu sæta meðferð samkvæmt lögum um meðferð sakamála.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 26. gr.

XIII. kafli. [Reglugerðarheimild, gildistaka o.fl.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 29. gr.

■ [31. gr. a. Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerðum.]¹⁾ Þar skal m.a. kveðið nánar á um framleiðslu og markaðssetningu matvæla, hollustuhætti í matvælaíðnaði, rekjanleika matvæla og umbúða, merkingar matvæla, notkun fullyrðinga í merkingum matvæla, efnainnihald matvæla, viðmiðunarmörk fyrir örverufræðilega þætti og aðskotaefni, neysluvatn, umbúðir og pökkun, erfðabreytt matvæli og merkingar þeirra, tilkynningar-skyldu þeirra sem framleiða eða flytja inn umbúðir fyrir mat-

væli og efni eða efnablöndur sem nota á við framleiðslu og dreifingu matvæla, matvælaeftirlit, innra eftirlit matvælafrirtækja, um sölu framleiðanda af eigin framleiðslu beint til neytenda, um innflutning dýraafurða frá þriðju ríkjum og starfsemi landamærastöðva, hraðviðvörunarkerfi og stjórnun vegna neyðartilvika og skipun ráðgefandi nefndar sem veitir vísindalega ráðgjöf um áhættumat.

□ Einnig er ráðherra heimilt að innleiða með reglugerð²⁾ reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, frá 28. janúar 2002, um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 134/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, frá 28. janúar 2002, er einnig heimilt að innleiða með reglugerð.³⁾ Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í reglugerðina.

□ Þá er ráðherra heimilt að innleiða með reglugerð⁴⁾ reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 852/2004, frá 29. apríl 2004, um hollustuhætti sem varða matvæli, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, frá 29. apríl 2004, um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýrarkínu, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004, frá 29. apríl 2004, um sérstakar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýrarkínu sem eru ætlaðar til manndis, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, frá 29. apríl 2004, um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virt, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 137/2007. Reglugerðir EB sem teknar verða upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fela í sér breytingar eða viðbætur við framangreindar reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) er einnig heimilt að innleiða með reglugerð.⁵⁾ Sama gildir um reglugerðir sem settar eru með tilvísun í þessar reglugerðir EB.

□ Ráðherra er jafnframt heimilt að innleiða með reglugerð⁶⁾ tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2004/41/EB, frá 21. apríl 2004, um niðurfellingu tiltekinnar tilskipana sem varða hollustuhætti í tengslum við matvælaíðnað og heilbrigðisskilyrði við framleiðslu og markaðssetningu tiltekinnar afurða úr dýrarkínu sem eru ætlaðar til manndis og um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/662/EBE og 92/118/EBE og ákvörðun ráðsins 95/408/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 27. október 2007 nr. 137/2007.]⁷⁾

¹⁾ Rg. 285/2002, sbr. 739/2010 og 396/2012. Rg. 736/2003, sbr. 860/2003, 410/2004, 563/2005, 236/2007, 268/2010 og 883/2010. Rg. 411/2004, sbr. 56/2005 og 269/2010. Rg. 503/2005, sbr. 631/2010, 964/2011 og 32/2012. Rg. 672/2008, sbr. 264/2010, 758/2010, 839/2010, 357/2011, 632/2011, 967/2011, 169/2012, 347/2012, 509/2012, 537/2012, 907/2012 og 400/2013. Rg. 410/2009, sbr. 547/2009 og 170/2010. Augl. 185/2010, sbr. augl. 790/2012. Rg. 265/2010, sbr. 346/2010, 718/2010, 825/2010, 869/2012 og 403/2013. Rg. 327/2010, sbr. 1166/2011 og 914/2012. Rg. 406/2010, sbr. 626/2011. Rg. 489/2010. Rg. 564/2010. Rg. 565/2010. Rg. 577/2003, sbr. 595/2010, sbr. 984/2011. Rg. 606/2010. Rg. 722/2010. Rg. 820/2010. Rg. 838/2010. Rg. 870/2010, sbr. 913/2012. Rg. 884/2010, sbr. 872/2012. Rg. 1038/2010, sbr. 811/2011 og 849/2012. Rg. 1045/2010. Rg. 283/2011. Rg. 284/2011, sbr. 162/2013. Rg. 311/2011. Rg. 312/2011. Rg. 313/2011. Rg. 168/2011, sbr. 1010/2011, 661/2012 og 142/2013. Rg. 965/2011. Rg. 966/2011. Rg. 967/2011. Rg. 968/2011. Rg. 969/2011. Rg. 970/2011, sbr. 215/2012. Rg. 971/2011. Rg. 972/2011, sbr. 89/2012 og 183/2012. Rg. 973/2011, sbr. 182/2012. Rg. 974/2011. Rg. 975/2011, sbr. 336/2012. Rg. 976/2011. Rg. 977/2011. Rg. 978/2011, sbr. 117/2011, 921/2012 og 398/2013. Rg. 979/2011. Rg. 980/2011, sbr. 408/2013. Rg. 1008/2011. Rg. 1009/2011. Rg. 1011/2011, sbr. 371/2012. Rg. 1012/2011. Rg. 1013/2011. Rg. 1014/2011, sbr. 214/2012. Rg. 1015/2011. Rg. 1043/2011. Rg. 1048/2011. Rg. 1056/2011. Rg. 1077/2011. Rg. 1177/2011. Rg. 1189/2011. Rg. 30/2012. Rg. 41/2012, sbr. 356/2012. Rg. 160/2012. Rg. 168/2012, sbr. 372/2012. Rg. 171/2012. Rg. 172/2012. Rg. 181/

2012. Rg. 211/2012. Rg. 212/2012, sbr. 370/2012. Rg. 213/2012. Rg. 217/2012. Rg. 254/2012. Rg. 271/2012. Rg. 272/2012. Rg. 346/2012. Rg. 369/2012. Rg. 373/2012. Rg. 374/2012, sbr. 871/2012. Rg. 448/2012, sbr. 462/2012. Rg. 522/2012. Rg. 714/2012. Rg. 763/2012. Rg. 848/2012, sbr. 1054/2012. Rg. 851/2012. Rg. 873/2012, sbr. 406/2013. Rg. 874/2012. Rg. 909/2012. Rg. 910/2012. Rg. 912/2012. Rg. 916/2012. Rg. 1020/2012. Rg. 220/2013. Rg. 221/2013. Rg. 349/2013. Rg. 371/2013. Rg. 372/2013. Rg. 397/2013. Rg. 402/2013. Rg. 404/2013. Rg. 405/2013. Rg. 407/2013. ²⁾ Rg. 102/2010, sbr. 720/2010. ³⁾ Rg. 128/2010. Rg. 129/2010. Rg. 130/2010. ⁴⁾ Rg. 103/2010, sbr. 506/2010 og 133/2012. Rg. 104/2010, sbr. 1005/2011, 21/2012, 166/2012, 528/2012, 579/2012, 850/2012, 906/2012, 352/2013 og 370/2013. Rg. 105/2010, sbr. 841/2010, 1006/2011, 22/2012, 134/2012, 905/2012 og 366/2013. Rg. 106/2010, sbr. 821/2010, 23/2012, 135/2012 og 915/2012. Rg. 835/2010. ⁵⁾ Rg. 134/2010, sbr. 904/2012. Rg. 135/2010, sbr. 136/2012, 167/2012 og

457/2012. Rg. 136/2010, sbr. 184/2012 og 369/2013. Rg. 266/2010. Rg. 270/2010, sbr. 112/2011. ⁶⁾ Rg. 729/2010. ⁷⁾ L. 143/2009, 28. gr.

■ **32. gr.** Með lögum þessum, sem öðlast þegar gildi, falla úr gildi . . .

■ **[Ákvæði til bráðabirgða.** Ráðherra er heimilt að fresta innleiðingu efnisákvæða reglugerða sem getið er í 3. mgr. 31. gr. a og varða kjöt, mjólk og egg til 1. nóvember 2011. Sama gildir um hráar afurðir úr þessum matvælategundum og aðrar unnar afurðir úr mjólk.]¹⁾

¹⁾ L. 143/2009, 30. gr.